

Nr. 133 / 13 Maggý VE 108***Skipverji slasast við fall úr stiga***

Skipaskr.nr. 1855
Smíðaður: Gdansk Póllandi 1988 stál
Stærð: 85,5 brl. 113 bt.
Mesta lengd: 25,95 m Skráð lengd: 23,18 m
Breidd: 6 m Dýpt: 3 m
Vél: Caterpillar 459 kW 1987
Fjöldi skipverja: 7



Maggý ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 16. ágúst 2013 var Maggý VE 108 við bryggju í Vestmannaeyjum.

Skipverji var að koma upp úr lest og notaði til þess stiga sem hengdur var á lúgukarminn. Þegar hann var kominn áleiðis upp losnaði stigin, skipverjinn féll aftur fyrir sig niður í lestina og lenti með hægri síðu á karabrún. Hann rifbeinsbrotnaði og hryggjaliður brákaðist.

Við rannsókn kom fram:

- að stigin var nýr og átti að festast með tveimur öryggispinum undir þilfarið við lestarlúguna en þeir virkuðu ekki sem skildi. Þeir höfðu verið settir of neðarlega í stigan þegar hann var smíðaður án þess að menn tækju eftir því. Var þetta lagfært strax;
- að fallið var um 1 til 1,5 metri.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var vanbúinn stigi.